

Samþykt

fyrir girðingarfelag Selvogshrepps.

Hreppsnefndin í Selvogshreppi í Árnessýslu, hefir, samkvæmt lögum 30. júlí 1909, um girðingar, gert eftirfylgjandi

samþykt

fyrir girðingarfelag Selvogshrepps.

1. gr.

Í girðingarfelaginu eru allir búendur Selvogshrepps, að undanskildum ábúendum Stakkavíkur og Herdisarvíkur.

2. gr.

Með samþykt þessari er ákveðið að setja girðingu frá sjó milli Ness í Selvogi og Þorlákshafnar, upp yfir Selvogsheiði austan við Eystri-hnúka og vestur að Svörtubjörgum og þaðan út að Hlíðarvatni hjá Vondavíki.

3. gr.

Girðingin skal vera 5 þætt gaddavirsgirðing, og að öllu eins og fyrir er mælt í reglugjörð um girðingar 29. mars 1910 (Stj.tíð B. deild, 71. bls.)

4. gr.

Til þess að hafa á hendi stjórn fjelagsins og með því allar framkvæmdir girðingunni viðkomandi, koma henni á, annast um peninga útveganir í því skyni, árlegt viðhald og eftirlit, niðurfjófning á gjaldi til hennar, innheimtu á því og öllu öðru girðingunni viðkomandi, skulu kosnir 3 fjelagsmenn og hafa þeir starf það á hendi í 3 ár, getur enginn skorast undan kosningu, þó er sá, sem hefir verið í stjórninni í 3 ár, ekki skyldur til að taka á móti endurkosningu fyrri en að 3 árum liðnum; flytji einhver hinna kosnu manna burt af girðingarsvæðinu eða deyi áður en kjörtíminn er liðinn, skal þegar kosið í hans stað á næsta hreppskilapingi. Á hverju vori, jafnskjótt og snjóa leysir, skal vandlega aðgætt, hvort skemdir hafa orðið á girðingunni, og skal þær bæta svo fljótt sem auðið er. Verði einhver uppvís að því að spilla girðingunni af ásettu ráði, skal hann bæta skemdirnar.

5. gr.

Á hverju vori fyrri hluta júnímánaðar, skal jafna niður gjaldi því, sem það ár er nauðsynlegt til að standast kostnað þann er af girðingunni leiðir, og

skal því jafnað niður á fjelagsmenn eftir tölu sauðfjár, er hver fyrir sig á innan 114 girðingar það sumar, svo og á öll hross, sem nauðsynlegt er að hafa í girðingunni 10. sept. yfir sumarið; á hvert hross skal að minsta kosti leggja jafnmikið gjald og á 5 sauðkindur.

Heimilt er stjórn fjelagsins að ákveða hvort utanhrepps fjenaður er tekinn í girðinguna, og með hvaða gjaldi. Eindagi á girðingargjaldi er 31. októbermánaðar ár hvert.

6. gr.

Frá því sauðfje er úr ullu á vorin og þar til á haustin, á þeim tíma er stjórn fjelagsins ákveður, skal ekki vera innan girðinga annar fjenaður en nautgripir, ær, er fært hefir verið frá eða ætlað er að selja undan dilka fyrir rjettir, og hross þau, sem nauðsynleg eru til aðdráttu.

7. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 2 til 20 kr., sem renna í sveitarsjóð.

8. gr.

Með mál útaf samþykkt þessari skal fara sem almenn lögreglumál

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest til að öðlast gildi 1. október 1912 og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 10. september 1912.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.